

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020, svæði við Víkurbraut og Austurveg.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 13. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020 frá 17. desember 2002.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- Vegur frá Víkurbraut að Austuvegi færast til norðurs.
- Þjónustusvæði S4 færast suður nær íþróttasvæði.
- Þjónustusvæði S5 austan við S4 færast til norðurs.
- Lögum íbúðarsvæðis breytist við færslu vegar.
- Þjónustusvæði við Víkurbraut minnkar.
- Blandað svæði fyrir íbúðir og þjónustu við Víkurbraut fellur út og verður að íbúðarsvæði.
- Nýtt íbúðarsvæði bætist við sunnan við veg að merktu svæði S4.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Grindavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 14. janúar 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.